

Náttúra fiskirækt ehf.
Laxabraut 5
815 Þorlákshöfn

Reykjavík 15. janúar 2018
UST201709-135/S.P.
08.12.02

Álagning dagsekta og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 18. desember sl. þar sem stofnunin tilkynnti rekstraraðila, Náttúru fiskirækt ehf. um áform stofnunarinnar um að leggja á dagsektir vegna frávíka er fram komu í eftirliti 7. desember 2016.

Frávík er fram komu í eftirliti þann 7. desember sl. eru eftirfarandi:

1. Taka skal sýni og mæla svifagnir og lífrænt efni (TOC, COD eða BOD5) í frárennsli. Mæla átti fyrir árslok 2015 og síðan skal gera mælingar á a.m.k. þriggja ára fresti. Niðurstöðum mælinga hefur ekki verið skilað til eftirlitsaðila. *Niðurstöðum mælinga var skilað þann 2. janúar 2017 og telst því frávíki lokið.*
2. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirliti fyrir árið 2015 hefur ekki verið skilað til eftirlitsaðila. Lýsing frávíks eins og það kemur fram á eftirlitsskýrslu. *Ársyfirliti hefur enn ekki verið skilað.*
3. Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um grænt bókhald. Grænu bókhaldi fyrir árið 2015 hefur ekki verið skilað til eftirlitsaðila. *Grænu bókhaldi vegna ársins 2015 hefur enn ekki verið skilað.*

Umhverfisstofnun hefur hvorki borist staðfesting á úrbótum eða tímasett úrbótaáætlun vegna frávíka í tölulíð tvö og þrjú. Umhverfisstofnun leggur hér með á dagsektir, að fjárhæð 20.000 kr. á dag, á Náttúru fiskirækt ehf., vegna frávíka í tölulíð tvö og þrjú hér að framan og krefst úrbóta, sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Dagsektirnar leggjast á frá og með 19. janúar nk. og þar til úr er bætt.


Ákvörðun þessi mun verða birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar. Jafnframt mun stofnunin birta sjónarmið fyrirtækisins.

Umhverfisstofnun vekur athygli á 30. gr., sbr. 1. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni eftirlits og beitingu þvingunarúrreða. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávíka frá ákvæðum starfsleyfis verður nú innheimt samkvæmt gjaldskrá. **Gjaldið er kr. 39.600.**


Umhverfisstofnun bendir á að ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru fer samkvæmt lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa samband við Svövu Pétursdóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á svava.petursdottir@ust.is. Áætlun og/eða gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið ust@ust.is

Virðingarfyllst



Sigrún Agústsdóttir
sviðsstjóri



Svava Pétursdóttir
lögfræðingur